



Skýrsla sveitarstjóra -Sveitarstjórnarfundur 9. febrúar 2016-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

- **Ljósleiðari**

Fjarskiptasjóður fékk 500 m.kr. fjárveitingu á fjárlögum 2016 einkum til uppbyggingar ljósleiðarakerfa í dreifbýli utan markaðssvæða. Óskað hefur verið eftir að forsvarsmenn landshlutasamtaka upplýsi um stöðu undirbúnings sveitarfélaga gagnvart uppbyggingu ljósleiðarakerfa árið 2016. Sveitarfélög á norðvestursvæði, um það bil 1.300 ótengdir staðir í dreifbýli, eiga kost á að sækja um allt að 200. m.kr. sem gera um 150.000 kr. á hvern tengipunkt.

Húnavatnshreppur hefur verið að skoða þann möguleika að leggja ljósleiðara í sveitarfélaginu. Síðasta haust óskaði Blönduósbær eftir að vera með í hönnunaráformum Húnavatnshrepps enda er upphafspunktur ljósleiðartengingarnarinnar í símstöðinni á Blönduósi. Verið er að ljúka við hönnun á næstu vikum. Til að uppfylla skilyrði Fjarskiptasjóðs um styrk vegna markaðsbrest á sviði fjarskipta auglýsti Húnavatnshreppur eftir aðilum til að byggja og/eða reka ljósleiðarakerfið í hreppnum.

- **Nv nefndin**

Á fjárlögum 2016 samþykkti Alþingi eftirfarandi fjárveitingar til Blönduós

- 20. mkr. – fasteignir Kvennaskólinn
- 25 m.kr. – Þekkingarsetrið á Blönduósi – textílsvið
- 10 m.kr. – Biodísel
- 30 m.kr. - Álver við Hafursstaði



- **Skrifstofan**

Þann 1. febrúar urðu breytingar á skrifstofu sveitarfélagsins. Katrín Sif Rúnarsdóttir sagði upp störfum og réði sig til þekkingarsetursins á Blönduósi. Katrín Benediktsdóttir tók við hennar starfi en hún hafði áður gegnt starfi aðalbókara Blönduósbæjar.

- **Framkvæmdir**

- Undirbúningur framkvæmda er í fullum gangi og er búið að panta glugga í Blönduskóla en afgreiðslufrestur er 5-6 mánuðir á nýjum gluggum. Verið er að undirbúa verkið þannig að framkvæmdir geti hafist sem fyrst við skólalok og að þeim verði lokið tímanlega fyrir skólabyrjun.
- Unnið er að endurbótum tveggja íbúða í blokkinni og verður skipt um eldhúsinnréttingar í báðum íbúðunum og fataskápa og innihurðir í minni íbúðinni. Þá hefur veggjum verið lyft upp en þeir höfðu sigið ofan í „perlusteinin“ sem er notaður sem hljóðeinangrun á milli hæða. Búið er að flota gólfín að nýju og verða þær málaðar að nýju á næstu dögum. Vonast er til að framkvæmdum við þær ljúki í aprílmánuði.
- Undirbúningur fyrir utanhússviðhald blokkarinnar er í gangi og hefur verið rætt við Fasteignir ríkissjóðs um framkvæmdina. Unnin verður verklýsing á endurbótum og leitað tilboða í verkið í framhaldi af því.
- Teikningar af endurbótum á Félagsheimilinu, endurbótum utan húss hafa verið lagðar fyrir byggingarfulltrúa en í þeim er gert ráð fyrir að fækka verulega gluggum á bakhlið Skjólans og þeir munum verða 9 í stað 20 áður. Í þessum áfanga er gert ráð fyrir að laga þak Skjólans og klæða bakhlið og gafl þeirrar álmu. Varpað hefur verið fram hugmyndum um hvort ekki eigi að fækka verulega gluggum á framhlið og eins í danssal. Taka þarf afstöðu til þess áður en ráðist verður í endurbætur á þeim hliðum og eins á eldhúsálmum en fækkun glugga þarf skapar nýja möguleika á nýtingu í eldhúsi en nú er. Þá hefur verið fengin innanhússhönnuður til að skoða eldhúsálmuna með tillit til endurbóta og lagfæringa á þeim hluta hússins. Verða tillögurnar unnar í samræði við leigutaka og heilbrigðiseftirlit og miða að því að mæta kröfum um hollustuhætti.



- Framkvæmdir á vegum BS. um atvinnu og menningarmál við endurbætur á Árbraut 33 eru hafnar og er verktaki Trésmiðja Helga Gunnarssonar ehf á Skagaströnd. Í þessum áfanga eru þakið endurnýjað, skipt um glugga og hurðir og húsið málað að nýju. Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur vinnur svo að hönnun innandyra og í framhaldi af því að hönnun hússins að Árbraut 35. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum í sumar við Árbraut 33 og að í framhaldi af því verði Árbraut 35 tekin í gegn.
 - Hafíssetrinu hefur verið lokað og er ekki gert ráð fyrir opnun þar í sumar. Fréttatilkynning um það mun verða send út á næstu dögum.
- **Íbúafundur**
Íbúafundur verður haldin 24. febrúar nk í Félagsheimilinu á Blönduósi og hefst hann kl. 17.00. Helstu umræðuefni á fundinum verða breytingar á sorphirðu og innleiðing á pappírstunnu auk þess sem umferðarmál á Blönduósi verða rædd. Mikilvægt er að hvetja íbúa til að mæta á fundin og taka þátt í umræðum um málefni bæjarins.